

c. Þeir sem hljóta vinning vegna útdreginna tveggja tölustafa númera skipta á milli sín 20% vinningsfjárhæðarinnar. Skulu dregin út fjögur tveggja tölustafa númer.

Ef sú fjárhæð sem ætluð er til vinnings samkvæmt b-lið 1. mgr. kemur ekki öll til ráðstöfunar leggst afgangurinn í sérstakan sjóð, lukkupott, sem varðveitist til útdráttar í næsta útgáfuflokki.

Þá er útdrætti vinningsnúmera í útgáfuflokki er lokið skal með sérstökum hætti ákveða hvort þeir fjármunir (ef einhverjir eru) sem varðveittir eru í sjóði (lukkupotti) frá næsta útgáfuflokki á undan skuli greiddir út. Verði niðurstaðan jákvæð bætist sjóðsfjárhæðin öll við vinningsfjárhæð þess sem hlotið hafði vinning samkvæmt a-lið 1. mgr. Verði niðurstaðan hins vegar neikvæð geymist sjóðurinn, ásamt því sem ekki kemur til ráðstöfunar í útgáfuflokknum, sbr. 2. mgr., í lukkupottinum til útdráttar í næsta útgáfuflokki.

7. gr.

11. gr. orðist svo:

Útdráttur fyrsta vinnings (sex tölustafa vinningsnúmers) fer fram á skrifstofu happdrættis Háskóla Íslands og skal tölva þess notuð við útdráttinn. Einungis skal dregið úr númerum seldra miða.

Þegar útdráttur fer fram skal liggja fyrir hversu margir miðar voru prentaðir í hlutaðeigandi útgáfuflokki, hversu margir þeirra voru seldir og hvaða miðar höfðu ekki selst.

Við útdráttinn skal nota sömu gögn og tæki og notuð eru við útdrátt í flokkahappdrætti Háskólans.

Útdráttur vinningsnúmera sem eru tveir eða fjórir tölustafir, svo og ákvörðun um úthlutun lukkupottsins, fer fram með notkun sérstakra snúningsskífa sem happdrættisráð samþykkir í því skyni.

Eftirlit með útdrætti skal vera í höndum fulltrúa happdrættisráðs. Niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans skal færa í gerðabók happdrættisráðsins og undirrita af fulltrúum happdrættisins og happdrættisráðsins.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast gildi 29. apríl 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. apríl 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 140

14. apríl 1992

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 17 fulltrúar.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar og varaformann. Sveitarstjórnir Reykhólahrepps, Haukadalshrepps, Suðurdalahrepps, Laxárdalshrepps, Fellsstrandarhrepps, Skarðshrepps, Hvammshrepps og Saubæjarhrepps skipa hver um sig tvo fulltrúa og tvo varamenn.

Heimild til fundarsetu með málsfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að gerð svæðisskipulags, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir þennan landshluta sbr. reglugerð nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

3. gr.

Fundi skal halda ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á.

Formaður boðar til fundar með a.m.k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags ef fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirra ákvörðun.

Nefndin kýs sér ritara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerðarbók í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykktur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um sérálit sitt bókaða.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna og til umhverfisráðuneytisins.

4. gr.

Pegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir nefndin tillöguna til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

5. gr.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa. Skipulagsstjórn greiðir kostnað vegna síns fulltrúa.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfsmann til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af skipulagsstjórn og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnnum miðað við íbúafjölda. Ef ekki næst samkomulag sker umhverfisráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. júní 1994. Ef nefndin óskar og gildir ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 14. apríl 1992.

F. h. r.
Páll Línal

Hrafn Hallgrímsson.